



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um stafrænar lausnir í velferðartækni

Þann 6. apríl 2022 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um stafrænar lausnir í velferðartækni:

Stefna velferðarsviðs um velferðartækni er metnaðarfull. Velferðartækni er ætlað veigamikil hlutverk, s.s. stuðla að þátttöku og valdeflingu notenda við að viðhalda eða auka eigin heilbrigði og lífsgæði; stuðla að fjölbreyttri og sveigjanlegri þjónustu sem miðar að einstaklingsmiðuðum þörfum, styðja við samþætta þjónustu með þarfir notenda að leiðarljósi svo fátt sé nefnt. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir svari við eftirfarandi spurningum:

Hvað eru stafrænar lausnir velferðartækni margar, óskað er eftir stuttri lýsingu?

Hvað af stafrænum lausnum velferðartækni er komnar í fulla virkni?

Hvaða lausnir eru komnar í virkni að hluta til?

Hvað af lausnum eru enn í uppgötvunar- þróunar- og tilraunafasa hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði?

Svar:

Alls hafa um ellefu velferðartæknilausnir verið settar í formlegar prófanir hjá Velferðartæknismiðju. Lausnir sem hafa verið prófaðar án innleiðingar og/eða frekari notkunar eru **Alvican** sem býður upp á skynjara sem nema vatns- og rafmagnsnotkun inni á heimilum fólks og neyðarhnapp með GPS staðsetningu. Markmið kerfisins er að auka öryggi íbúa með því að greina frávik í orkunotkun heimilisins. Búnaðurinn var í prófunum í hjúkrunarheimilinu Seljahlíð og á fjórum einkaheimilum sem voru með heimaþjónustu í Efri byggð. Ekki voru forsendur til frekari prófana eða innleiðingar. **DigiRehab** veflausnin sem gerir ófaglærðu starfsfólki í heimaþjónustu kleift að veita eldra fólki leiðbeinandi styrktarþjálfun sem byggir á viðurkenndum aðferðum sjúkráþjálfunar. Prófanir sýndu að starfsmenn geta með notkun tækninnar leiðbeint fólki við æfingar á öruggan hátt. Lausnin hentar þó ekki núverandi starfsumhverfi. Prófanir á **raflásum** voru framkvæmdar með það að markmiði að meta virði þeirra í heimaþjónustu og hvort væri hægt að fækka lyklum sem eru í vörslu

heimaþjónustunnar. Ýmsir vankantar voru á framkvæmd prófanna og ekki var hægt að meta ávinning af lausninni.

Sú velferðartækni sem er komin í fulla virkni eru **skjáheimsóknir** en íbúar sem fá heimaþjónustu geta fengið heimsóknir frá starfsfólki í gegnum spjaldtölvu. Verkefnið hefur verið í þróun frá árinu 2020 í samstarfi við íslenska hugbúnaðarfyrtækið Memaxi. Skjáheimsóknir eru komnar í fulla virkni í heimaþjónustu. **Sjálfvirkir lyfjaskammtarar** eru komnar í virkni að hluta til en Velferðartæknismiðjan hefur til prófanna sjálfvirka lyfjaskammtara til að bjóða upp á í þjónustu við skjólstæðinga heimaþjónustu.

Tvær gerðir af lyfjarskömmtum eru til prófana; Evondos (þjónustað af Icepharma) og Dignio (þjónustað af Öryggismiðstöðinni). Prófanir hófust í nóvember 2021, samhliða prófunum er unnið að útboði og er markmiðið að þjónustan verði innleidd í framhaldi af prófunum í lok árs 2022.

Þær lausnir eru komnar í virkni að hluta til eru **Assistep stigaaðstoð** sem er hjálpartæki fest á vegg meðfram stiga í stað handriðs og er hugsað fyrir fólk sem þarf aðstoð við að ganga í stiga vegna líkamlegra takmarkana. Prófanir sýndu fram á að lausnin er einföld í notkun og styður við aukna hreyfingu og sjálfsbjargargetu fólks. Lausnin er í reglulegri notkun í þjónustuíbúðum í Norðurbrún en hefur ekki verið innleidd að öðru leyti. **Raizer lyftustóll** er batterísdreifinn, hannaður til að setja saman utan um og aðstoða einstakling sem fallið hefur í gólfið. Markmið búnaðarins er að auðvelda starfsfólki að reisa íbúa upp aftur. Prófanir sýndu fram á að tæknin er einföld í notkun, eykur öryggi bæði íbúa og starfsfólks. Lausnin sparar ekki tíma, en styður við vinnuvernd. Stóllinn er í reglulegri notkun í þjónustuíbúðum í Norðurbrún í Reykjavík en lausnin hefur ekki verið innleidd að öðru leyti. Tvær mismunandi **skolsalernissetur** voru prófaðar á hjúkrunarheimilinu Seljahlíð en skolsalerni eru hugsuð fyrir fólk sem þarf aðstoð við þrif eftir salernisferðir vegna líkamlegra takmarkana. Prófanir sýndu að skolsalerni styðji við sjálfstæði og hreinlæti fólks, auk þess að koma í veg fyrir ýmis húðvandamál og sýkingar. Seturnar eru í notkun í Seljahlíð en hafa ekki verið innleiddar að öðru leyti. **Skynörvunarljós** er í notkun í hvíldarherbergi á dagdvöl fólks með heilabilun á Vítorgi og hefur reynst vel. Prófanir greindu jákvæð áhrif skynörvunarlampa. Fólk nær betri slökun og ljósin hafa róandi áhrif. Einnig er lampinn ákveðin afþreying í dagdvöl. Lausnin er í daglegri notkun í dagdvölinni á Vítorgi en hefur ekki verið innleidd að öðru leyti.

Lausnir sem eru enn í uppgötvunar-, þróunar- og tilraunafasa hjá Þjónustu- og nýsköpunarsviði á vegum Velferðartæknismiðju eru **heimaþjónustu- og búsetukerfi** en Velferðartæknismiðjan stóð fyrir prófunum í kjölfar þarfagreiningar á hugbúnaðarlausninni Memaxi sem er upplýsinga- og samskiptakerfi í íbúðarkjörnum fyrir fatlað fólk á árunum 2019 – 2020. Einnig fór fram þarfagreining vegna upplýsinga- og samskiptakerfis fyrir heimaþjónustukerfi árið 2020. Niðurstöður liggja til grundvallar innkaupa á nýju heimaþjónustu- og búsetukerfi og er verkefninu stýrt af Þjónustu- og nýsköpunarsviði.

Hjálagt:

Dæmi um niðurstöður prófana, frekari lýsing

1. Niðurstöður DigiRehab
2. Niðurstöður Assistep
3. Niðurstöður Raflásar
4. Niðurstöður Raizer lyftustóll
5. Niðurstöður Skolsalerni